

Ár 2012, fimmtudaginn 7. júní kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Orlofsnefnd Húsmæðra frá 12. maí 2012.**
Með bréfinu fylgdi ársreikningur Orlofsnefnd Húsmæðra í Árnassýslu ásamt skýrslu Orlofsnefndar fyrir árið 2011.
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Fræðslunetinu frá 14. maí 2012.**
Í bréfinu er óskað eftir áframhaldandi samstarfi um Vísinda- og rannsóknasjóð Suðurlands.
Bæjarráð samþykkir að styrkja Vísindasjóðinn áfram næstu 4 árin um sömu upphæð og verið hefur.
- 1.3. **JP lögmönnum frá 21. maí 2012.**
Í bréfinu sem er ritað fyrir umbjóðenda þeirra Diðrik Sæmundsson ábúanda á Friðarstöðum er óskað eftir að sveitarstjórn taki afstöðu til bótaskildu gagnvart umbjóðanda vegna synjunar Hveragerðisbæjar á að hann breyti gróðurhúsi á jörðinni Friðarstöðum í hesthús.
Bæjarráð felur bærarstjóra að kanna lögformlega stöðu bæjarins í umræddu máli.
- 1.4. **Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands frá 22. maí 2012.**
Í bréfinu er kynnt fyrirkomulag við úthlutun styrkja úr styrktarsjóði EBÍ árið 2012.
Lagt fram til kynningar.
- 1.5. **Saman-hópnum frá 23. maí 2012.**
Í bréfinu vill Saman hópurinn vekja athygli á mikilvægi samveru foreldra og unglunga.
Lagt fram til kynningar.
- 1.6. **Björgunarmiðstöðinni á Selfossi, ódagsett.**
Í bréfinu er boðið til vígslu Björgunarmiðstöðvarinnar á Selfossi föstudaginn 15. júní nk. milli 15 og 17.
Lagt fram til kynningar.

2. Minnisblöð:

2.1. Veiði í Varmá.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna tilnefninga í veiði í Varmá.

Fjöldi tilnefninga barst og þakkar bæjarráð sýndan áhuga.

Bæjarráð samþykkir að Friðmundi Heimi Helgasyni og Ólafi Emilssyni verði boðið að veiða í Varmá í sumar.

2.2. Laun ungmenna í Vinnuskóla.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna launa ungmenna í Vinnuskóla.

Bæjarráð samþykkir að laun í Vinnuskóla með orlofi verði sem hér segir:

Ungmenni fædd árið 1998	409.- pr. klst.
Ungmenni fædd árið 1997	495.- pr. klst.
Ungmenni fædd árið 1996	585.- pr. klst.

3. Fundargerðir til kynningar:

3.1. **Skólaskrifstofu Suðurlands frá 28. mars og 22. maí 2012.**

3.2. **Héraðsnefnd Árnesinga frá 11. maí 2012.**

3.3. **Brunavörnum Árnessýslu frá 21. maí 2012.**

3.4. **Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25. maí 2012.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:24

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)